

**Egla hf.**

---

**Samstæðuársreikningur**

---

**2007**

---

Egla hf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
kt. 551102-2030

---

# Egla hf.

---

## Samstæðuársreikningur

---

# 2007

### Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Eglu hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eglu hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogi, 28. mars 2008.

**Deloitte hf.**

Þorvarður Gunnarsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

---

Ársreikningur Eglu hf. fyrir árið 2007 hefur að geyma samstæðuársreikning Eglu hf. og dótturfélaga. Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nam hagnaður 4.354 millj.kr og samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunar nema eignir hennar 112.663 millj.kr. í lok ársins. Eigið fé í lok ársins nam 56.910 millj.kr. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 50,44%.

Í lok ársins var einn hluthafi sem og í upphafi árs, Kjalar hf.

EKKI hefur verið tekin ákvörðun um úthlutun arðs, en stjórnin vísar til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn og forstjóri Eglu hf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glöggja mynd af rekstarafkomu samstæðunar, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Eglu hf. að reikningsskilareglur samstæðunnar séu viðeigandi og að í samstæðuársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissu þætti í rekstarumhverfi samstæðunnar.

Stjórn og forstjóri Eglu hf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2007 með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Stjórn og forstjóri Eglu hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu Eglu hf. fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2008

## Í stjórn

Ólafur Ólafsson  
stjórnarformaður

Kristinn Hallgrímsson

Ásbjörn Gíslason

## Forstjóri

Hjörleifur Jakobsson

# Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Rekstrartekjur</b>			
Gangvirðisbreytingar fjárfestingaverðbréfa .....	3	8.305.753	11.630.306
Vaxtatekjur .....		1.305.556	59.396
		9.611.309	11.689.702
<b>Rekstrargjöld</b>			
Fjármagnsgjöld .....	4	(4.565.350)	(1.981.006)
Annar rekstrarkostnaður .....		(62.948)	(14.610)
<b>Rekstrarhagnaður</b>			
		4.983.011	9.694.086
Tekjuskattur .....	5	(628.601)	7.340.133
<b>Hagnaður ársins</b>			
		4.354.410	17.034.219

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

---

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2007</b>	<b>31.12.2006</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur .....	6	81.551.710	73.654.733
Skuldabréfaeign á tengd félög .....		29.584.354	0
		<u>111.136.065</u>	<u>73.654.733</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tekjuskattsinneign .....	9	68.964	697.565
Aðrar skammtímakröfur .....	7	824.010	740.197
Handbært fé .....		633.908	30.902
		<u>1.526.883</u>	<u>1.468.664</u>
<b>Eignir</b>		<u>112.662.947</u>	<u>75.123.397</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		11.510	11.072
Yfirverðsreikningur .....		2.230.968	2.230.968
Þýðingarmunur .....		(67.662)	0
Óráðstafað eigið fé .....		54.734.991	50.381.019
Eigið fé		<u>56.909.806</u>	<u>52.623.059</u>
<b>Skuldir</b>			
Lántökur .....	8	55.171.065	18.352.346
Skuldir við tengd félög .....		0	3.633.523
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	582.075	514.470
		<u>55.753.141</u>	<u>22.500.339</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>112.662.947</u>	<u>75.123.397</u>

## Yfirlit yfir breytingar á eigin fé

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Þýðingar-munur	Óinnleystur gengishagn.	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2006.....	10.635	2.230.968		30.911.656	1.055.875	34.209.133
Upptaka alþjóðlegra staðla.....				(30.911.656)	30.975.689	64.033
Leiðrétt eigið fé 1.1.2006.....	10.635	2.230.968	0	0	32.031.564	34.273.166
Samruni við Vendingu.....	438				1.315.236	1.315.674
Hagnaður ársins.....					17.034.219	17.034.219
Eigið fé 31.12.2006.....	11.072	2.230.968	0	0	50.381.019	52.623.059
Leiðr. hlutafé vegna samruna	438				(438)	0
Hagnaður ársins.....					4.354.410	4.354.410
Þýðingarmismunur.....			(67.662)		0	(67.662)
Eigið fé 31.12.2007.....	11.510	2.230.968	(67.662)	0	54.734.991	56.909.806

Heildarhlutafé félagsins er 11.518.948 kr. eins og kveðið er á um í samþykktum félagins, eigin bréf eru 9.215 kr. eða 0,08% af heildarhlutafé félagsins.

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		4.983.011	9.694.086
Verðbætur og gengismunur langtímalána .....		2.144.444	614.125
Gangvirðisbreyting fjárfestingaverðbréfa .....		(6.095.721)	(6.221.084)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.031.733	4.087.127
Rekstrartengdar eignir (hækjun) lækkun .....		114.765	(22.977)
Rekstrartengdar skuldir hækjun (lækkun) .....		67.605	(643.021)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.214.103	3.421.129
Innborgaðir vextir .....		1.305.556	59.396
Greiddir vextir .....		(3.331.129)	(2.367.936)
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		(811.469)	1.112.589
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keypt/seld hlutabréf .....		(894.868)	(2.683.641)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		(894.868)	(2.683.641)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(11.671.651)	(9.992.499)
Tengd félög .....		(211.441)	1.299.407
Nýjar langtímaskuldir .....		14.192.436	9.704.334
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		2.309.344	1.011.242
Hækjun (lækkun) handbærs fjár .....		603.006	(559.810)
Handbært fé í upphafi árs .....		30.902	590.712
Handbært fé í lok ársins .....		633.908	30.902

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Egla hf. er hlutafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 138/1994. Megin tilgangur félagsins er fjárfestingar í og eignarhald hlutafjár í skráðum fyrirtækjum.

## 2. Reikningsskilaðferðir

### 2.1 Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Egla hf. birtir nú í fyrsta skipti reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFSR), sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu. Farið var eftir fyrirmælum IFRS 1, við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu og afkomu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 15 og hefur samanburðarfjárhæðum þar sem við á verið breytt til samræmis.

### 2.2 Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir

Fjórar túlkanir gefnar út af alþjóðlegu fastanefndinni um túlkanir (IFRIC) urðu virkar á reikningsárinu. Það eru IFRIC 7 *Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt LAS 29, Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólgja ríkir*, IFRIC 8 *gildissvið IFRS 2, IFRIC 9, Endurmat innbyggðra afleiða* og IFRIC 10, *Árshlutauppgjör og virðisýrnun*. Innleiðing þessara túlkana hefur ekki leitt til breytinga á reikningsskilum félagsins.

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi staðlar verið samþykkir en ekki tekið gildi:

IAS 23 - (endurbættur) *Lántökukostnaður (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)*

IFRS 8 - *Starfsspáttaryfirlit (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)*

Við samþykkt þessa ársreiknings hefur IFRIC samþykkt eftirfarandi túlkanir, en þær hafa ekki tekið gildi.

IFRIC 11 - IFRS 2: *Samstæða og eignarhlutatengdar greiðslur (tekur gildi 1. mars 2007)*

IFRIC 12 - *Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga (tekur gildi 1. janúar 2008)*

IFRIC 13 - *Tryggðarkerfi viðskiptavina (tekur gildi 1. júlí 2008)*

IFRIC 14 - *LAS 19, Takmörkunin á réttindatengdum eignum, kvaðir um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra*

(tekur gildi 1. janúar 2008)

Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing ofangreindra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

### 2.3 Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð samstæðureikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mótt sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskylđu að fjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaðferðum félagsins.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

### 2.3.1. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórni í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupaðferð og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir sílkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keypta eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttigar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaðferðir samstæðunnar.

### 2.3.2 Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

### 2.3.3 Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og IFRC.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### 2.3.4 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 2.3.5 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður samkvæmt IAS23 er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### 2.3.6 Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum eru skilgreindir sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Eignarhlutar í félögum eru því metnir á gangvirði á hverjum reikningsskiladegi. Eignarhlutar félagsins eru allir í skráðum félögum og byggist mat þeirra til gangvirðis á opinbert skráðu gengi. Afkoma af eignarhlutum í félögum er sýnd sem gangvirðisbreytingar hlutabréfa í rekstrarreikningi. Meðal gangvirðisbreytinga eru einnig arðstekjur sem hljótast af hlutabréfaseigninni.

### 2.3.7 Tekjuskattssáhrif

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Tekið er tillit til áhrifa af breytingu efnahagsliða á frestaðan tekjuskatt eftir því sem við á hverju sinni.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

### 2.3.7 Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tali í framtíðinni.

### 2.3.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeirri virðisýrnun sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### 2.3.9 Langtímaskuldur

Langtímaskuldur eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborganum og lántökukostnaði. Eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður er færður til gjalda á líftíma skuldar miðað við aðferð virkra vaxta.

### 2.3.10 Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 2.3.11 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af lausu fé og óbundnum bankainnistæðum.

### 2.3.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

## 3. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur

	2007	2006
Söluhagnaður (tap) hlutabréfa .....	380.107	(84.577)
Arðstekjur .....	1.105.016	2.704.611
Gangvirðisbreytingar .....	6.820.630	9.010.272
	8.305.753	11.630.306

## 4. Fjármagnsgjöld

	2007	2006
Vaxtagjöld og verðbætur langtímalána .....	(3.507.678)	(1.753.810)
Gengistap .....	(920.557)	(227.196)
Önnur vaxtagjöld .....	(137.114)	0
	(4.565.350)	(1.981.006)

## 5. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 628,6 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2008.

# Skýringar

## 6. Eignarhlutar í skráðum félögum

	Hlutdeild %	Nafnverð	Bókfært verð
<b>Eignarhlutar í skráðum félögum:</b>			
Kaupþing hf.	9,88%	73.153	64.374.900
Alfesca hf.	39,67%	2.330.724	16.151.920
Exista hf.	0,46%	51.893	1.024.891
		<u>2.455.771</u>	<u>81.551.710</u>

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2007	31.12.2006
Fjármagnstekjuskattur	162.796	78.983
Viðskiptakröfur	661.215	661.215
	<u>824.010</u>	<u>740.197</u>

## 8. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2007	31.12.2006
Skuldir í CHF	1.506.520	373.751
Skuldir í EUR	50.739.949	2.846.100
Skuldir í JPY	994.971	256.655
Skuldir í USD	1.929.625	255.278
Skuldir í ISK	0	14.620.562
Langtímaskuldir 31.12.2007	<u>55.171.065</u>	<u>18.352.346</u>

## 9. Tekjuskattsinneign

	31.12.2007
Staða í ársbyrjun	697.565
Reiknaður tekjuskattur ársins	(628.601)
Staða í lok ársins	68.964
Tekjuskattsinneign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	
Yfirfaðanlegt skattalegt tap	89.060
Aðrir liðir	(20.096)
	<u>68.964</u>

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2007	31.12.2006
Ógreiddir áfallnir vextir	575.714	504.166
Aðrar skammtímaskuldir	6.361	10.304
	<u>582.075</u>	<u>514.470</u>

# Skýringar

## 11. Dótturfélög

Samstæða Eglu hf., samanstendur af móðurfelaginu Eglu hf. og dótturfelaginu Kjalar Holding B.V. sem er 100% í eigu Eglu hf.

## 12. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

### Fjárhagsáhætta

Félagið býr við fjárhagsáhættu sem tengist fjármálagerningum félagsins. Stærstu áhættuliðirnir eru verðahætta hlutabréfa, lausafjárahætta, vaxtaáhætta og gengisáhætta gjaldmiðla.

Stjórnendur félagsins fylgjast stöðugt með þróun mála og grípa til aðgerða sé þess þörf.

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Sú fjármögnun sem er á föstum vöxtum er metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna hafa því ekki áhrif á bókfaðra stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Félagið hefur gert vaxtaskiptasamninga til þess að breyta skuldum á föstum vöxtum yfir í breytilega vexti. Sílkir samningar minnka fastvaxtaáhættu, en á móti kemur að þeir auka áhættu vegna breytilegra vaxta. Hér að neðan er eingöngu verið að horfa til áhættu vaxtabreytinga á vænt sjóðstreymi.

#### Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta lækkun vaxta á nettó vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvað fjárhæð merkir haekkun á hagnaði og eigin fé. Haekkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12 2007		31.12 2006	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	126.742	253.484	60.997	121.994

### Gengisáhætta

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meiri hluti eigna samstæðunar er í íslenskum krónum en meiri hluti skulda er í erlendri mynt. Samstæðan hefur ekki gert framvirka gjaldmiðlasamninga til að verja sig gegn gengisáhættu þessara skulda. Samstæðan er þó með samning við fjármálastofnun um virka áhættustýringu. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunar sem mest áhrif hafa á rekstur hennar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflökt
	2007	2006	2007	2006	2007
EUR .....	91,45	93,66	87,60	87,75	12,5%
JPY .....	0,5548	0,597	0,544	0,601	19,8%
CHF .....	55,26	58,20	53,33	55,77	14,8%
USD .....	62,15	71,04	64,00	69,81	14,1%

# Skýringar

Gengisáhætta nettó staða:

	31.12.2007	31.12.2006
EUR .....	(17.996.983)	(2.851.583)
JPY .....	(1.002.943)	(256.698)
CHF .....	(1.525.560)	(373.846)
USD .....	(1.965.734)	(261.896)

## Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækjun gengis viðkomandi myntar gagnvart íslensku krónunni hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mestu gengisáhettu. Næmnigreiningin tekur ekki tillit til skattáhrifa. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækjun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi viðkomandi myntar um 5% og 10% gagnvart íslensku krónunni hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

## Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2007		31.12.2006	
	5%	10%	5%	10%
EUR .....	(899.849)	(1.799.698)	(142.579)	(285.158)
JPY .....	(50.147)	(100.294)	(12.835)	(25.670)
CHF .....	(76.278)	(152.556)	(18.692)	(37.385)
USD .....	(98.287)	(196.573)	(13.095)	(26.190)

## Verðáhætta hlutabréfa

Félagið á talsverðar eignir í hlutabréfum og býr því við þá áhættu að breyting á gengi hlutabréfa muni hafa áhrif á rekstur og efnahag félagsins.

Fjárfestingar í hlutabréfum eru í markaðsskráðum félögum og eru skilgreindar sem á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

	31.12.2007	31.12.2006
Hlutabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning .....	81.551.710	73.654.733

Áhrif af 5% og 10% hækjun á markaðsverði hlutabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. 5% og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2007		31.12.2006	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	4.077.586	8.155.171	3.682.737	7.365.473

# Skýringar

## Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að hún tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Takmörkuð útlánaáhætta tengist handbæru fé þar sem mótaðilar eru fjármálastofnanir með gott lánshæfismat. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

## Hámarksútlánaáhætta greinist þannig

### Bókfærð staða

	31.12 2007	31.12 2006
Skuldabréf eign .....	29.744.290	0
Aðrar kröfur .....	824.010	740.197
Handbært fé .....	633.908	30.902
	31.202.208	771.099

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

## Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Taflan hér að neðan sýnir gjalddagagreiningu á skuldir félagsins ásamt þeim lausu eignum sem félagið á til ráðstöfunar.

Meðal eigna í árslok 2007 eru bankainnstæður og krafa á tengt félag, báðar eru þessar eignir lausar en hafa ekki gjalddaga. Væntar vaxtagreiðslur eru ekki teknar með í töfluna, eingöngu endurgreiðsla höfuðstóls. Að sama skapi er ekki tekið tillit til væntra arðstekna af fjárfestingum félagsins í hlutabréfum.

	2008	2009	2010	2011+	Samtals
<b>31.12 2007</b>					
Skuldir .....		38.509.077	9.874.729	6.787.259	55.171.065
Eignir .....	633.908	29.744.290			30.378.198
Nettó staða ....	633.908	(8.764.787)	(9.874.729)	(6.787.259)	(24.792.868)
	2007	2008	2009	2010+	Samtals
<b>31.12 2006</b>					
Skuldir .....		5.208.187	4.145.150	8.999.009	18.352.346
Eignir .....	30.902				30.902
Nettó staða .....	30.902	(5.208.187)	(4.145.150)	(8.999.009)	(18.321.444)

# Skýringar

## 13. Atburðir eftir reikningsskiladag

Helstu eignir félagsins eru í skráðum félögum í OMX kauphöllinni. Þann 27. mars 2008 hafði markaðsvirði þeirra rýrnað sem nemur 8,1 milljörðum króna.

## 14. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 28. mars 2008.

## 15. Skýring vegna innleiðingar IFRS

Þetta er fyrsta árið sem fyrirtækið færir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í samræmi við fyrirmáli IFRS 1 þá er hér að neðan skýring vegna innleiðingar IFRS. Síðustu reikningsskil félagsins sem voru gerð í samræmi við íslensk ársreikningalög voru fyrir árið 2006. Upptökudagur (transition date) miðast við 1. janúar 2006.

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins á upptökudegi, 1.1.2006:

	Fyrri reikningsskil	upptöku IFRS	Áhrif IFRS
Eignarhlutar í félögum .....	53.624.981	0	53.624.981
Samtals fastafjármunir .....	53.624.981	0	53.624.981
Aðrar skammtímkröfur .....	56.006	0	56.006
Samtals veltufjármunir .....	646.718	0	646.718
Samtals eignir .....	54.271.699	0	54.271.699
Hlutafé .....	10.635	0	10.635
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....	2.230.968	0	2.230.968
Óinnleystur gengishagnaður .....	30.911.656	(30.911.656)	0
Óráðstafað eigið fé .....	1.055.875	30.975.689	32.031.564
Samtals eigið fé .....	34.209.133	64.033	34.273.166
Lántökur .....	12.521.779	(78.089)	12.443.690
Tekjuskattsskuldbinding .....	7.108.159	14.056	7.122.215
Áfallnir vextir .....	330.626	0	330.626
Skuld við tengd félög .....	1.000	0	1.000
Aðrar skammtímaskuldir .....	101.002	0	101.002
Samtals skuldir .....	20.062.566	(64.033)	19.998.532
Samtals eigið fé og skuldir .....	54.271.699	0	54.271.699

# Skýringar

---

## 15. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins 31.12.2006:

	Fyrri reikningsskil	Áhrif upptöku IFRS	Áhrif IFRS
Eignarhlutar í félögum .....	73.654.733	0	73.654.733
Samtals fastafjármunir .....	73.654.733	0	73.654.733
Aðrar skammtímakröfur .....	740.197	0	740.197
Tekjuskattsinneign .....	717.661	(20.096)	697.565
Handbært fé .....	30.902	0	30.902
Samtals veltufjármunir .....	1.488.760	(20.096)	1.468.664
Samtals eignir .....	75.143.494	(20.096)	75.123.397
Hlutafé .....	11.072	0	11.072
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....	2.230.968	0	2.230.968
Óinnleystur gengishagnaður .....	46.898.979	(46.898.979)	0
Óráðstafað eigið fé .....	3.390.490	46.990.529	50.381.019
Samtals eigið fé .....	52.531.509	91.550	52.623.059
Lántökur .....	18.463.991	(111.646)	18.352.346
Skuld við tengd félög .....	3.633.523	0	3.633.523
Aðrar skammtímaskuldir .....	514.470	0	514.470
Samtals skuldir .....	22.611.985	(111.646)	22.500.339
Samtals eigið fé og skuldir .....	75.143.494	(20.096)	75.123.397

# Skýringar

## 15. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á afkomu félagsins árið 2006:

	Fyrri reikningsskil	Áhrif upptöku IFRS	Áhrif IFRS
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Gangvirðisbreytingar hlutabréf eignar.....	0	9.010.272	9.010.272
Arðstekjur.....	2.704.611	0	2.704.611
Vaxtatekjur.....	59.396	0	59.396
Gengishagnaður/(tap).....	(227.196)	0	(227.196)
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(1.787.367)	33.556	(1.753.811)
Söluhagnaður eignarhluta í félögum.....	(84.577)	0	(84.577)
	<u>664.867</u>	<u>9.043.829</u>	<u>9.708.696</u>
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>(14.610)</u>	<u>0</u>	<u>(14.610)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>			
Tekjuskattur .....	<u>369.122</u>	<u>6.971.011</u>	<u>7.340.133</u>
<b>Innleystur hagnaður .....</b>	<b>1.019.379</b>	<b>16.014.840</b>	<b>17.034.219</b>
<b>Óinnleystar tekjur</b>			
Breyting á óinnleyustum gengishagnaði .....	9.010.272	(9.010.272)	0
Tekjuskattur .....	6.977.051	(6.977.051)	0
<b>Hagnaður ársins</b>	<b><u>17.006.702</u></b>	<b><u>27.516</u></b>	<b><u>17.034.219</u></b>